Nr. 86.
22.
nóvbr.

Lög

um

breyting á tilskipun 20. apríl 1872 um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík.

Vjer Frederik hinn Áttundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

Í staðinn fyrir 1. gr., 4. gr., 5. gr., 6. gr., 12. gr. 1. málslið, 18. gr. 1. málslið, 20 gr.., 23. gr. 1. málsgrein tilskipunar 20. apríl 1872 um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík, komi svo hljóðandi greinar:

1. gr.
(1. gr. tilskipunarinnar).

Málefnum kaupstaðarins skal stjórnað af bæjarstjórn; í henni eru kosnir bæjarfulltrúar auk borgarstjóra, sem er oddviti hennar.

Borgarstjóri skal kosinn af bæjarstjórn til 6 ára í senn, og hefur hann að launum úr bæjarsjóði 4,500 kr. á ári, auk 1,500 kr. í skrifstofufje.

2. gr.
(4. gr. tilskipunarinnar).

Hinir kjörnu bæjarfulltrúar skulu vera 15 að tölu, og kosnir af þeim bæjarbúum, sem kosningarrjett hafa eptir lögum þessum.

3. gr.
(5. gr. tilskipunarinnar).

Kosningarrjett hafa allir bæjarbúar, karlar og konur, sem eru 25 ára að aldri þegar kosning fer fram, hafa átt lögheimili í bænum 1 ár, hafa óflekkað mannorð, eru fjár síns ráðandi, eru ekki öðrum háðir sem hjú og standa eigi í skuld fyrir sveitarstyrk — ef þeir greiða skattgjald til bæjarsjóðs. Konur kjósenda hafa kosningarrjett, þó þær sjeu eigi fjár síns ráðandi vegna hjónabandsins og þótt þær eigi greiði sjerstaklega gjald í bæjarsjóð, ef þær að öðru leyti uppfylla áðurgreind skilyrði fyrir kosningarrjetti.

Kjörgengur er hver sá, er kosningarrjett hefur. Þó mega hjón aldrei sitja samtímis í bæjarstjórn, heldur eigi foreldrar og börn, nje móðurforeldrar, eða föðurforeldrar og barnabörn þeirra. Heimilt er og konum jafnan að skorast undan kosningu.

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18. September 1891.

Lov

Nr. 86.
22.
Novbr.

om

Forandring i Forordning af 20. April 1872 om Bestyrelsen af Købstaden Reykjaviks kommunale Anliggender.

Vi Frederik den Ottende, af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

Gøre vitterligt: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

I Stedet for §§ 1, 4, 5, 6, 12 1ste Stykke, 18 1ste Stykke, 20, 23 1ste Stykke i Forordning af 20. April 1872 om Bestyrelsen af Købstaden Reykjaviks kommunale Anliggender, træde følgende Paragraffer:

§ 1.

(Forordningens § 1).

Købstadens Anliggender styres af et Byraad, som bestaar af valgte Medlemmer og Borgmesteren som Formand.

Borgmesteren vælges af Byraadet for 6 Aar ad Gangen. Han lønnes af Bykassen med 4,500 Kr. aarlig, foruden 1,500 Kr. til Kontorhold.

§ 2.

(Forordningens § 4).

Antallet af Byraadets valgte Medlemmer skal være 15. De vælges af de ifølge denne Lov valgberettigede Indvaanere af Købstaden.

§ 3.

(Forordningens § 5).

Valgberettigede ere alle Byens Indvaanere, Mænd og Kvinder, som paa Valgdagen ere 25 Aar gamle, have haft fast Hjem i Købstaden i et Aar, ere uberygtede, raadige over deres Formue, ikke staa i personligt Tjenesteforhold, og ikke have oppebaaret urefunderet Fattigunderstøttelse — alt for saa vidt, som de yde Skat til Bykassen. Vælgernes Hustruer ere valgberettigede, selv om de paa Grund af Ægteskabet ikke raade over deres Formue, og selv om de ikke betaler særlig Skat til Bykassen, hvis de for øvrigt opfylder de angivne Betingelser for Valgretten.

Valgbar er enhver, som er valgberettiget. Dog kan Ægtefæller aldrig sidde samtidig i Byraadet, heller ikke Forældre og Børn, eller Bedsteforældre og deres Børnebørn. Kvinder kan altid undslaa sig for at modtage Valg.

Nr. 86. 22. nóvbr.

4. gr.
(6. gr. tilskipunarinnar).

Í janúarmánuði 1908 skal kjósa fulla tölu bæjarfulltrúa. Gömlu bæjarfulltrúarnir fara jafnframt frá, en þá má endurkjósa. Af þeim bæjarfulltrúum, er þá verða kosnir, fer einn þriðjungur frá eptir hlutkesti eptir 2 ár, annar þriðjungur eptir 4 ár, sömuleiðis eptir hlutkesti, og hinn síðasti þriðjungurinn eptir 6 ár. Í stað þeirra fulltrúa, er úr bæjarstjórninni ganga í hvert skipti, skal þegar kjósa jafn marga í hana til 6 ára. Á þennan hátt fer svo jafnan síðan einn þriðjungur hinna kjörnu bæjarfulltrúa frá annaðhvort ár og nýir bæjarfulltrúar kosnir í staðinn. Kosningar í bæjarstjórn fara jafnan fram í janúar.

5. gr.
(12. gr. 1. liður tilskipunarinnar).

Virðist borgarstjóra að ákvörðun bæjarstjórnarinnar gangi út fyrir vald bæjarstjórnarinnar, eða að hún sje gagnstæð lögum eða skaðleg fyrir kaupstaðinn, eða hún miði til að færast undan skyldum þeim, er á kaupstaðnum hvíla, má hann fella ályktunina úr gildi að sinni með því að rita atkvæði sitt í gjörðabókina.

6. gr.
(18. gr. 1. málsgrein tilskipunarinnar).

Innan loka nóvembermánaðar ár hvert skal samin áætlun yfir tekjur og gjöld kaupstaðarins fyrir hið næsta ár. Skal áætlun þessi rædd í bæjarstjórninni á tveimur fundum með hálfs mánaðar millibili. Við aðra umræðu skal bæjarstjórnin íhuga áætlunina grein fyrir grein út af fyrir sig, og skal áætlunin í þeirri mynd, sem bæjarstjórnin þá samþykkir hana, vera regla, sem farið verður eptir, fyrir upphæð bæjargjalda og fjárstjórn næsta árs, án þess að æðra samþykkis þurfi við, nema í því tilfelli, sem getið er um í 19. gr. bæjarstjórnartilskipunarinnar. Áætlun þessa skal leggja til sýnis á bæjarþingsstofunni, eða öðrum hentugum stað, eigi skemur en fjórtán daga í desembermánuði ár hvert.

7. gr.
(20. gr. tilskipunarinnar).

Niðurjöfnunarnefnd skal jafna niður gjöldum eptir efnum og ástæðum. Í nefndinni skulu vera 11, 13 eða 15 menn, eptir því sem bæjarstjórnin ákveður. Nefndin skal kosin í nóvembermánuði. Kosningarrjett og kjörgengi til nefndarinnar hafa þeir bæjarbúar, sem kosningarrjett og kjörgengi hafa til bæjarstjórnarinnar, og skal kosningin fara fram og henni hagað á sama hátt og eptir sömu reglum eins og kosningu til bæjarstjórnar. Nefndarmenn skulu kosnir til 6 ára, fer minni hlutinn (5, 6 eða 7) frá eptir 3 ár og skal það ákveðið með hlutkesti, hverjir nefndarmenn skuli frá fara; en meiri hlutinn (6, 7 eða 8) fer frá eptir 6 ár, og þar á eptir fer minni og meiri hlutinn frá, til skiptis, á þriggja ára fresti.

8. gr.
(23. gr. 1. málsgrein tilskipunarinnar).

Niðurjöfnunarnefndin skal jafna niður hinum árlegu gjöldum í febrúarmánuði ár hvert fyrir það ár, er þá stendur yfir. Skrá yfir niðurjöfnunina skal liggja til sýnis á bæjarþingsstofunni, eða öðrum hentugum stað, eigi skemur en 14 daga í marzmánuði ár hvert. Bæjarstjórnin má ákveða, að aukaniðurjöfnun skuli fram fara í síðari hluta septembermánaðar ár hvert, og skulu skattar þá lagðir á þá, sem flutt hafa sig til kaupstaðarins, eptir að aðalniðurjöfnunin fór fram, og skyldir eru til að greiða skatt. Þessi aukaniðurjöfnun skal liggja öllum til sýnis í 14 daga, eins og að framan er sagt.

Nr. 86. Lög 22. nóvember um breyting á tilskipun 20. apríl 1872 um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík.

§ 4.

(Forordningens § 6).

I Januar Maaned 1908 skal det fulde Antal af Byraadsmedlemmer vælges. De hidtilværende Medlemmer afgaa samtidig, men kan genvælges. Af de da valgte Byraadsmedlemmer afgaar en Tredjedel ifølge Lodtrækning efter 2 Aars Forløb, den anden Tredjedel efter 4 Aar, ligeledes ifølge Lodtrækning, og den sidste Tredjedel efter 6 Aar. I de hver Gang afgaaende Byraadsmedlemmers Sted skal straks vælges lige saa mange for 6 Aar. Paa denne Maade afgaar saaledes hvert andet Aar en Tredjedel af de valgte Byraadsmedlemmer, i hvis Sted nye vælges. Valg til Byraadet blive stedse at afholde i Januar.

§ 5.

(Forordningens § 12, 1ste Stykke).

Finder Borgmesteren, at en af Byraadet tagen Beslutning overskrider den Byraadet tilkommende Myndighed, eller er stridende mod Lovgivningen, eller skadelig for Kommunen, eller den gaar ud paa at nægte Opfyldelsen af en Købstaden paahvilende Pligt, kan han ved sin Erklæring til Forhandlingsprotokollen midlertidig sætte Beslutningen ud af Kraft.

§ 6.

(Forordningens § 18, 1ste Stykke).

Inden Udgangen af November Maaned hvert Aar affattes Overslag over Købstadens Indtægter og Udgifter for det næste Aar. Dette Overslag behandles i Byraadet paa 2 Møder med 14 Dages Mellemrum. Ved anden Behandling undergives det Post for Post Byraadets Drøftelse, og afgiver da i den Form, hvori det af Byraadet ved denne Behandling vedtages, den bindende Norm for Størrelsen af næste Aars kommunale Skatteudskrivning og Finansstyrelse, uden at højere Stadfæstelse med den i Forordningens § 19 angivne Undtagelse udfordres. Overslaget fremlægges til Eftersyn i Bytingsstuen eller et andet bekvemt Sted, mindst 14 Dage, i hvert Aars December Maaned.

§ 7.

(Forordningens § 20).

Ligning paa Formue og Lejlighed foretages af en Ligningskommission, bestaaende af 11, 13 eller 15 Medlemmer, efter Byraadets nærmere Bestemmelse. Kommissionen vælges i November Maaned. Valgret og Valgbarhed til Kommissionen tilkommer de samme Personer, som besidder en saadan til Byraadet. Valget foregaar og foretages paa samme Maade og ifølge de samme Regler som Valg til Byraadet. Medlemmerne vælges paa 6 Aar. Minoriteten (5, 6 eller 7) fratræder efter 3 Aars Forløb; det bestemmes ved Lodtrækning, hvilke Medlemmer skal fratræde. Majoriteten (6, 7 eller 8) fratræder efter 6 Aars Forløb; derefter afgaar med 3 Aars Mellemrum skiftevis Minoriteten og Majoriteten.

§ 8.

(Forordningens § 23, 1ste Stykke).

Ligningskommissionen foretager den aarlige Skatteligning i hver Februar Maaned for det løbende Aar. Ligningslisten skal fremligge til Eftersyn i Bytingsstuen eller paa et andet bekvemt Sted, i mindst 14 Dage i Marts Maaned hvert Aar. Byraadet kan bestemme, at der i den sidste Halvdel af September Maaned hvert Aar skal foretages en Tillægsligning paa de skattepligtige Personer, som ere flyttede til Købstaden efter Hovedligningens Affattelse. Denne Tillægsligning skal fremligge som ovenanført til offentligt Eftersyn i 14 Dage.

Nr. 86. Lov af 22. November om Forandring i Forordning af 20. April 1872 om Bestyrelsen af Købstaden Reykjaviks kommunale Anliggender.

Nr. 86. 22. nóvbr.

9. gr.

Heimilt er niðurjöfnunarnefnd að krefjast þess, að borgarar bæjarins sendi henni á þar til gjörðum eyðublöðum skýrslu um árstekjur sínar og aðrar upplýsingar um efni þeirra og ástæður. Skylt er nefndinni, að halda þessum upplýsingum leyndum.

Hver borgari bæjarins getur heimtað, að hann sje tekinn upp á niðurjöfnunarskrá.

10. gr.

2., 3. og 4. gr. laga þessara koma í gildi 1. janúar 1908. Að öðru leyti fá þau gildi 1. júlí s. á.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 22. nóvember 1907.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Frederik R.

(L. S.)

H. Hafstein.

Nr. 86. Lög 22. nóvember um breyting á tilskipun 20. apríl 1872 um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík.

§ 9.

Ligningskommissionen har Ret til af Byens Borgere at forlange indsendt paa dertil egnede Skemaer Opgivelser af deres aarlige Indtægt samt andre Oplysninger om deres Formuesforhold og Omstændigheder. Kommissionen er pligtig til at hemmeligholde disse Oplysninger.

Enhver af Byens Borgere kan forlange sig optaget paa Ligningslisten.

§ 10.

Nærværende Lovs §§ 2, 3 og 4 træde i Kraft den 1. Januar 1908, men i øvrigt erholder Loven Gyldighed den 1. Juli s. A.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 22. November 1907.

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

Frederik R.

(L. S.)

H. Hafstein.

Islands Ministerium, den 22. November 1907.

H. Hafstein.

Ólafur Halldórsson.